

Fundur í Samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar fimmtudaginn 21. september 2006 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps kl. 17.00

Mættir: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson, Úlfar Thoroddsen, Arnheiður Jónsdóttir, Jón B.G. Jónsson og Ragnar Jörundsson bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundargerð.

Málefni sem tekin voru fyrir:

- 1. Tillaga um formann nefndarinnar.** Úlfar lagði til að Eyrún yrði formaður. Samþykkt einróma.
- 2. Tilnefning í stórn Minjasafnsins að Hnjóti.**
Tilnefning Tálknafjarðarhrepps: Björgvin Sigurjónsson og tilnefning S-lista Vesturbyggðar: Guðmundur Sævar Guðjónsson. Samráðsnefnd tilnefnir Kristinn Egilsson sem fulltrúa ættingja Egils Ólafssonar.
Teknar fyrir athugasemdir safnstjóra vegna umsóknar um styrk til Vinnumálastofnunar fyrir störf við skráningar á munum minjasafnsins. Úlfar gerði grein fyrir aðkomu sinni að málinu og samtölum sínum við safnstjóra. Nokkrar umræður urðu um málið. Kom fram að óheppilegt hafi verið að sækja um án samráðs við stjórn safnsins.
Eyrún upplýsti að hún og Ragnar hafi farið yfir tillögur til fjárlaganefndar og þar verði sérstaklega óskað eftir fjárframlagi til Minjasafnsins að Hnjóti. Nefndarmenn sammála um að það verði gert.
- 3. Slökkvilið Tálknafjarðar og Vesturbyggðar.**
Áhugi er fyrir nánú samstarfi og samnýtingu tækja og mannafla . Samþykkt að fá Davíð Rúnar til að kynna brunavarnaráætlun fyrir bæði sveitarfélögin sem hann hefur sett saman. Eyrún mun hafa samband við Davíð um tímasetningu á kynningarfundi.
- 4. Hafnarsamband Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.**
Eyrún reifaði hugmynd um að mynda hafnarsamband þessara sveitarfélaga. Ákveðið að kanna kosti og galla slíks sambands og taka málið síðan fyrir á næsta fundi.
- 5. Byggingarfulltrúi.**
Ragnar nefndi hvort möguleiki væri á samstarfi um straf tæknimentaðs byggingarfulltrúa fyrir bæði sveitarfélögin. Samþykkt að kanna möguleika á slíku samstarfi.
- 6. Framhaldsskóli í Vestur-Barðastrandarsýslu.**
Arnheiður og Jón B.G. eru nýkomin af fundi framhaldsskólanefndar. Kom fram að samþykkt hafi verið að húsnæði skólans yrði staðsett á Patreksfirði. Undirbúningur er kominn af stað og verður sótt um styrk til fjárlaganefndar til stuðnings undirbúningsins.
- 7. Flóabáturinn Baldur.**
Bragi vakti athygli á að Baldur hafi verið rúmlega klukkustund að leggjast að bryggju við Brjánslæk. Stínningsvindur var og er augljóst að þegar vetur gengur í garð, getur ástandið versnað verulega. Skora þarf á stjórnvöld sem hafa með málið að gera að leita úrlausna því mikið er í húfi, sérstaklega varðandi útflutning verðmætra sjávarafurða.
- 8. Heimasíða.**
Ragnar spurði hvort áhugi væri fyrir sameiginlegri heimasíðu og jafnvel að fleiri aðilar kæmu að henni einnig. Ákveðið að kanna málið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:00

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Bragi Geir Gunnarsson

Úlfar Thoroddsen

Jón B.G. Jónsson

Arnheiður Jónsdóttir

Ragnar Jörundsson